

Aðalfundur Félags rannsóknastjóra á Íslandi

RANNÍS Borgartúni 12. september 2018

Fundargerð

Mættir voru 17 félagsmenn

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Eiríkur Smári Sigurðarson var kjörinn fundarstjóri og Oddný S. Gunnarsdóttir fundarritari

2. Skýrsla stjórnar

Ásta Sif Erlingsdóttir, formaður, kynnti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á fundinum. Fór hún yfir helstu verkefni stjórnar og viðburði félagsins. Rannís og Félag rannsóknastjóra stóðu sameiginlega að námskeiði með Gill Wells yfirmanni Evrópu- og stefnumótunarskrifstofu Rannsóknþjónustu Oxford-háskóla auk málþingsins Stefnumótun við vísindi, í tilefni af 10 ára afmæli Evrópska rannsóknaráðsins (ERC). Poul Petersem forstöðumaður rannsóknarþjónustu Kaupmannahafnarháskóla áhugavert námskeið auk námskeiðs um fjármál og uppgjör H2020 sem Michael Remes frá Finance Help-desk. Einnig hvatti hún félagsmenn til þess að nýta sér heimasíðu félagsins og erlenda samstarf félagsins, en verulegur afsláttur er á ráðstefnum þar sem félagið er aðili að EARMA.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Eiríkur Smári Sigurðarson gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins. Skráðir félagar eru 44 eigið fé félagsins 12. september 791.400. Reikningar voru einróma samþykktir.

3.a Kosning eftirlitsmanns: Björgvin Ægir Richardsson var einróma endurkjörinn

4. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar voru lagðar fram.

5. Ákvörðun um félagsgjöld

Eiríkur Smári Sigurðarson gjaldkeri lagði til óbreytt félagsgjald 10.000 kr fyrir árið 2018.

6. Kosning stjórnar

Eiríkur Smári Sigurðarson, gjaldkeri, Anna Kristín Daníelsdóttir og Elísabet Andrésdóttir varamenn buðu sig aftur fram. Ásta Sif Erlingsdóttir, formaður og Oddný S. Gunnarsdóttir, ritari buðu sig ekki fram í stjórn. Ásta Sif var frumkvöðull að stofnun félagsins og var henni þakkað óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einróma voru kosnir í stjórn þau Úlfar Kristinn Gíslason frá HÍ og Sóley Gréta Morthens frá Hafró.

7. Gestur fundarins Aðalheiður Jónsdóttir sérfræðingur hjá Rannís

Aðalheiður kynnti Horizon Europe, fór yfir ferli og undirbúninginn. Mikil áhersla verður lögð á hnattvæna nýsköpun, benti hún einnig á síðurnar sciencebusiness.net og allae.org fyrir þá sem vilja fylgjast með framvindunni.

Vísindavaka sem er í stefnumótun við vísindamenn er komin aftur og verður haldin 28. september í Laugardagshöllinni. Upplýsingar um vísindavöku eru komnar á Facebook, Instagram og Twitter, hvatti hún félagsmenn til þess að kynna sér vísindavökuna og auglýsa.